



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Breyting á lögum um Íslandsstofu nr. 38/201, með síðari breytingum, UTN17010167
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Utanríkisráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	28. ágúst 2017

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Utanríkisráðherra setti haustið 2013 á fót starfshóp sem ætlað var að skoða heildstætt fyrirkomulag markaðssetningar á Íslandi og íslenskum vörum og þjónustu erlendis, í því skyni að veða og meta hvort unnt væri að efla enn frekar þá sókn sem verið hefur í markaðsstarfi undanfarin ár. Meginmarkmiðið var þannig að fara yfir og huga að eflingu samstarfs atvinnulífs og stjórnvalda við markaðsstarf á erlendum mörkuðum, auka samþættingu og samstarf þeirra aðila sem að koma, nýta fjármuni með markvissari hætti og eftir atvikum leggja til breytingar á starfsemi Íslandsstofu. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslunni „Áfram Ísland“ í byrjun árs 2015 þar sem er að finna ýmsar tillögur er lúta að framangreindu.

Í framhaldi af skýrslunni vann Magnús Bjarnason, ráðgjafi, nánar úr niðurstöðum starfshópsins í samráði við hagsmunaaðila og með hliðsjón af vinnu starfshópsins. Frumvarpið að breytingum á lögum um Íslandsstofu og fylgiskjöl þess byggir á þeirri vinnu.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda í markaðsstarfi á erlendum mörkuðum, auka samþættingu og samstarf þeirra aðila sem að koma, nýta fjármuni með markvissari hætti og gera breytingar á rekstrarformi Íslandsstofu. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að útflutningsþjónusta og markaðsstarf fyrir Ísland byggist á langtímastefnumótun sem mörkuð er í breiðri samvinnu allra er hagsmuna eiga að gæta og ákvörðuð er af æðstu ráðamönnum í samstarfi við atvinnulífið. Þá er það talið mikilvægt að tryggja langtímastefnumótuninni nauðsynlega umgjörð að því er varðar pólitíska ábyrgð, skipulag og fjármögnun. Skilgreina þarf aukna ábyrgð stjórnar Íslandsstofu á undirbúningi og framkvæmd langtímastefnumótunarinnar.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Íslandsstofa er samstarfsverkefni atvinnulífsins og stjórnvalda „til að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða ferðamenn og fjárfestingu til landsins“. Íslandsstofa og forverar hennar, Útflutningsráð og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, hafa verið sjálfstæð eining á sameiginlegu forræði stjórnvalda og atvinnulífs, sem starfa á einkaréttarlegum grunni en hefur ekki verið ætlað að vera opinbert stjórnvald eða opinber stofnun. Slík ætlan gengur heldur ekki fram af því frumvarpi sem varð að nýjum lögum um Íslandsstofu á árinu 2010. Hins vegar hefur ákveðin óvissa ríkt um stjórnsýslulega stöðu Íslandsstofu undanfarin ár og hafa umboðsmaður Alþingis, úrskurðarnefnd um upplýsingamál og Ríkisendurskoðun komist að þeirri niðurstöðu hvert að Íslandsstofa sé stjórnvald í skilningi stjórnsýslulaga og upplýsingalaga og vegna þess að hún ráðstafi umtalsverðu opinberu fjármagni. Þennan þátt þarf því að skýra nánar í lögnum um Íslandsstofu. Þá er talið mikilvægt að styrkja frekar grundvöllinn að samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda við markaðsstarf á erlendum mörkuðum.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Styrkja enn frekar það starf sem fram hefur farið innan Íslandsstofu undanfarin ár og gera grunn hennar skýran á nýjan leik í öflugu samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Sjá nánar lið D.1. Til viðbótar má nefna að lagt er til að Íslandsstofa verði sjálfseignarstofnun og stofnendur hennar setji henni skipulagsskrá. Þá er lagt til að ríkið og Íslandsstofa geri með sér þjónustusamning um ráðstöfun fjárveitinga af fjárlögum sem ætlaðar eru til markaðsstarfa á erlendum mörkuðum og falla innan verksviðs Íslandsstofu.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Markmið um að efla samstarf atvinnulífs og stjórnvalda við markaðssetningu erlendis myndu ekki nást sem hefði neikvæð áhrif á markaðsstarfið.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Lagasetning er nauðsynleg þar sem núgildandi lög um Íslandsstofu endurspegla markmiðið ekki með fullnægjandi hætti. Sú umgjörð sem lögð er til er mikilvæg í því skyni að kveða skýrt á um samstarf stjórnvalda og Íslandsstofu, ekki síst við það ráðuneyti er fer með mál er varða atvinnulífið, viðskiptalífið, ferðamál og fleira er fellur undir hlutverk Íslandsstofu og utanríkisþjónustuna sem er í raun hinn framlengi armur Íslandsstofu á erlendum vettvangi þar sem hennar nýtur við.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Frumvarp um breytingar á lögum um Íslandsstofu.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Frumvarpið felur í sér neðangreint:

1. Lagt er til að rekstrarformi Íslandsstofu verði breytt til að skýrt sé að Íslandsstofa sé rekin sem sjálfseignarstofnun á einkaréttarlegum grunni í samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að með ítarlegum hætti verði mælt fyrir um skyldur Íslandsstofu gagnvart stjórnvöldum í sérstökum þjónustusamningi.
2. Lagt er til að starfsemi Íslandsstofu verði undanþegin stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og lögum um opinber innkaup.
3. Rekstur Íslandsstofu verði áfram fjármagnaður með markaðsgjaldi, þ.e. gjald sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.
4. Mælt er fyrir um auknar skyldur stjórnar Íslandsstofu m.a. að því er varðar framkvæmd mótaðrar langtímastefnu.
5. Lagt er til að sett verði á fót útflutnings- og markaðsráð sem gegni lykilhlutverki varðandi mótun langtímastefnu og eftirfylgni hennar.
6. Ríkari áhersla verði lögð á að vinna út frá markaðri langtímastefnu í útflutnings- og markaðsmálum sem unnin verði í breiðri samvinnu atvinnulífs, stjórnvalda og eftir atvikum sveitarfélaga.
7. Staða Íslandsstofu sem þungamiðja í samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda í markaðsstarfi á erlendri grundu er staðfest, m.a. með því að mæla fyrir um skýrt hlutverk hennar í mótun langtímastefnu og framkvæmd hennar.
8. Kveðið verði með skýrum hætti á um að beita skuli mælanlegum markmiðum og mælikvörðum í markmiðssetningu og áætlanagerð sem síðan er stjórnar Íslandsstofu að fylgjast með og eftir atvikum bregðast við.

2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott** Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 2., 3., 4. og 6. gr. laganna. Lagt er til að tvær nýjar greinar bætist við lögin, 2. gr. a og 3. gr. a, auk þess sem lagt er til að ein málsgrein bætist við 5. gr. laganna.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
<p>1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei.</p> <p>2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei.</p> <p>3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei</p>
F. Samráð
<p>1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Útflutningsgreinar hér landi eru helstu hagsmunaaðilar.</p> <p>2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Já, áformin snerta fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið auk utanríkisráðuneytisins.</p> <p>3. Samráð sem þegar hefur farið fram Í starfshópnum sem utanríkisráðherra skipaði árið 2013 og skrifaði skýrsluna „Áfram Ísland“ sátu fulltrúar tilnefndir af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, iðnaðarráðherra, menntamálaráðherra, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins, Íslandsstofu, Icelandic, Landssamtaka sláturleyfishafa, Icelandair, Samtaka ferðaþjónustunnar og Nýsköpunarsjóðs, auk fulltrúa utanríkisráðherra. Fyrir á þessu ári skipaði utanríkisráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að skrifa frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/2910 um Íslandsstofu. Starfshópurinn var skipaður aðstoðarmönnum utanríkisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins.</p> <p>4. Fyrirhugað samráð Áform um lagasetningu eru kynnt almenningi á vef ráðuneytisins ásamt drögum að frumvarpi.</p>
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
<p>1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Er í vinnslu.</p>
H. Næstu skref, innleiðing
<p>1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Frumvarpssmíði er að mestu lokið og liggur frumvarpið fyrir í drögum sem áætlað er að leggja fyrir Alþingi í september.</p> <p>2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Verði frumvarpið að lögum eins og það hljóðar munu þau öðlast gildi 1. janúar 2018. Þá er gert ráð fyrir að stofnfundur Íslandsstofu, sjálfeignarstofnunar verði boðaður innan átta vikna frá gildistöku laganna. Einnig er tillaga um að fyrir 1. júní 2018 taki stjórn Íslandsstofu, sjálfeignarstofnunar ákvörðun um skipulag og stjórnun Íslandsstofu, sem m.a. taki mið af frmakvæmd langtímastefnu samkvæmt lögnum.</p> <p>3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Markaðsgjaldið skv. 1. tölulið 5. gr. nógildandi laga þarf að vera afmarkaður tekjustofn Íslandsstofu og þarf því að gilda sem sérлагаákvæði gagnvart lögum um opinber fjármál.</p> <p>4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Í 5. gr. frumvarpsins, sem leggur til breytingar á 4. gr. laganna, er lagt til að langtímastefna feli m.a. í sér markmið og áherslur á einstökum markaðssvæðum og varðandi einstakar atvinnugreinar. Þá skuli hún fela í sér mælanleg árangursmarkmið.</p>

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Hin mælanlegu árangursmarkmið munu verða meðal þeirra gagna, auk talna Hagstofu Íslands um útflutning til erlendra markaða.

I. Annað

Skýrslan „Áfram Ísland“ https://www.utanrikisraduneyti.is/media/utn-pdf-skjol/Greinargerð_starfshops_utanrikisradherra_um_utflutningsadstod_og_markadssetningu_Januar_2015.pdf

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

Í vinnslu.

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum

Drög að skipulagsskrá Íslandsstofu, sjálfseignarstofnunar

Drög að þjónustusamningi